<p>Nýtt íbúðarhúsnæði, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, óhúðað að utan og með bárujárnsþaki. Húsið er 1 hæð og kjallari.</p> <p>Á 1. hæð eru 6 íbúðarherbergi, sjónvarpsherbergi, baðherb. með steypu, handlaug, v.s. og kerlaug, einnig annað baðherb. með v.s. og handlaug. Eldhús er á hæðinni, einnig búr, þvottur og borðkrókur. Svalir eru á hæðinni. Anddyri, skáli. Tvöfalt gler er í gluggum, hurðir eru úr harðvið. Gólf eru dúklögð.</p> <p>Í kjallara er fændurherbergi, geymsla og bílskúr fyrir 2 bíla. Hringstigi er. Tvöfalt gler er í gluggum.</p> <p><u>Stærð hússins:</u></p> <p>L. 14,92 m., br. 10,85 m., h. 3,15 m., ris 0,75 m. " 14,92 " " 6,65 " kj. 2,40 " Samt. 804 m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á</p>	70.881.000,00

Gata og númer: TRÖNUHÓLAR 5

Mót framkvæmd: 26.03.80.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhúsnæði, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti og glerull, ómúrað að utan og með álpaki. Húsið er 1 hæð og kjallari.</p> <p>Á 1. hæð er stigi, 6 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók, baðherb. með kerl., steypu, 2 v.s. og 2 handl. Svalir eru. Innb. skápar eru. Klætt er með sp.plötum. Tvöfalt gler er í gluggum. Hurðir eru úr harðvið. Auk þess eru á hæðinni búr og þvottah.</p> <p>Í kjallara er anddyri, 2 íbúðarherbergi, baðherb. með steypu, v.s. og handlaug. Innbyggðir skápar eru. Tvöfalt gler er í gluggum. Hurðir eru úr harðvið. Einnig er geymsla í kj. Bílskúr er fyrir 2 bíla.</p> <p><u>Stærð hússins:</u></p> <p>L. 8,60 m., br. 8,00 m., kj. 2,70 m.</p> <p>" 14,00 " " 12,35 " h. 3,00 m., ris 1,30 m. 817 m³ 74.510.000,00</p> <p>L. 6,00 m., br. 5,60 m., h. 2,70 m. 91 m³ 3.735.000,00</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á 78.245.000,00</p>	

Gata og númer: TRÖNUHÓLAR 12

Möt framkvæmd: 13.10.79.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, ómúr- húðað að utan og með bárujárnspaki. Húsið er 2 hæðir.</p> <p>Á 1. hæð eru 3 íbúðarherbergi, baðherb. með kerl., steypu, v.s. og handlaug. Innbyggðir skápar eru. Tvöfalt gler er í gluggum. Hurðir eru úr harðvið. Gólf eru máluð.</p> <p>Á 2. hæð er stigahús, 2 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók, baðh. með v.s. og handlaug. Svalir eru á hæðinni. Innbyggðir skápar eru. Allt málað í hölf og gólf. Tvöfalt gler er í gluggum. Hurðir eru úr harðvið. Einnig eru á hæðinni anddyri, þvottahús og búr. Bílskúr er einnig fyrir tvo bíla.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 8,50 m., br. 6,39 m., h. 2,80 m., ris 0,80 m. " 13,00 " " 7,50 " " 3,00 " " 1,00 " 515 m³ .. 27.000.000,00 L. 6,40 m., br. 7,50 m., h. 2,50 m., ris 0,70 m. 137 m³ .. 3.000.000,00</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á 30.000.000,00</p>	<p>30.000.000,00</p>

Gata og númer: Trönuhólar 14.

Möt framkvæmd: 24/10.1978.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið sem er 2.hæðir er steinsteypt, einangrað með plasti, múrhúðað að utan og er alumín. ápakí.</p> <p>Hitaveita.</p> <p><u>1.hæð:</u> Þar er anddyri, 2.íbúðarherbergi, eldhús, borðkrókur, þvottahús og geymsla. Á baðherbergi er kerlaug, v.s. og handlaug. Einnig er þar arinn. Tvöfalt gler er í gluggum, harðviðarhurðir og innbyggðir skápar. Veggir og gólf eru máluð en einnig eru flísar á gólfum.</p> <p><u>Kjallari:</u> Þar eru 3.íbúðarherbergi. Á baðherbergi er kerlaug, steypa, v.s. og handlaug. Veggir eru málaðir og gólf einnig, en einnig er parket á gólfum. Innbyggðir skápar.</p> <p><u>Bílskúr:</u> Hann er fullgerður og er fyrir tvo bíla.</p> <p>A. L. 13.00 m., Br. 8.20 m., H. 3.30 m. } L. 9.12 m., Br. 11.60 m., Kj. 2.80 m. } = 648 m³ B. L. 6.8 m., Br. 7.5 m., H. 2.6 m. } = 133 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	<p>25.272.000.-</p> <p>2.394.000.-</p> <p><u>27.666.000.-</u></p>

Gata og númer: TRÖNUHÓLAR 18

Möt framkvæmd: 31.08.81.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti og timbri í lofti og með bárujárnsþaki. Húsið er 1 hæð og kjallari.</p> <p>Á 1. hæð er anddyri, 2 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók, baðherb. með 2 v.s. og 2 handlaugum. Innbyggðir skápar eru. Veggir eru málaðir og parket er á gólfum. Tvöfalt gler er í gluggum. Hurðir eru spónlagðar. Einnig er á hæðinni skrifstofa fyrir lækni.</p> <p>Í kjallara er skáli, 6 íbúðarherbergi, baðherb. með kerlaug, steypu, 2 v.s. og 2 handlaugum. Innbyggðir skápar eru. Veggir eru málaðir og parket er á gólfum. Tvöfalt gler er í gluggum. Hurðir eru spónlagðar. Auk þess er þvottah. og geymsla í kj.</p> <p>Bílskúr er fyrir tvo bíla.</p> <p><u>Stærð hússins:</u></p> <p>L. 16,00 m., br. 10,13 m., kj. 2,55 m " 16,00 " " 7,16 " h. 3,70 " Samt. 837 m³ 1.160.082,00 L. 6,40 m., br. 6,50 m., h. 2,80 m. " 116 m³ 72.384,00</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á</p>	<p>1.232.466,00</p>

Gata og númer: TRÖNUHÓLAR 20

Möt framkvæmd: 29.12.78.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, slétt-húðað að utan og hraunað og með bárujárnsþaki. Húsið er 1 hæð og kjallari. Bílskúr er óbyggður.</p> <p>Á 1. hæð er anddyri, 4 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók, baðherb. með kerl., v.s. og handl. Innbyggðir skápar eru. Veggir og gólf eru máluð. Tvöfalt gler er í gluggum og hurðir eru úr harðvið. Á hæðinni er einnig arinn. Þvottahús, geymsla og fataherbergi eru einnig á 1. hæð.</p> <p>Í kjallara er baðherb. með v.s. og handlaug, geymsla og fjölsk. herbergi.</p> <p><u>Stærð hússins:</u></p> <p>L. 12,00 m., br. 4,30 m., kj. 2,50 m. " 12,40 " " 11,07 " h. 3,10 m., ris 1,80 " Samtals 678 m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á 26.442.000,00</p>	<p>26.442.000,00</p>

Gata og númer:

T ú n g a t a 3.

Möt framkvæmd: 1/8/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús m/lækningastofum, þrilyft, með risi og kjallara, byggt úr járnbentri steinsteypu, bæði útveggir og 4 loft. Þak er úr borðasúð, pappi og eternitplötum. Kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum eru korkplötur. Allt múrsléttað og ýmist veggfóðrað eða málað. Í neðstu hæðinni eru 5 lækningarstofur, 2 biðstofur, skrifstofa, v.s., anddyri og 3 gangar. Í 2. og 3. hæð er sama herbergjaskipun, í hvorri fyrir sig eru 6 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, v.s., 3 fastir skápar, anddyri, gangur og veggsvaíir. Í rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s., þvottahús, þurrkstofa, straustofa og 2 gangar. Í kjallaranum eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, 2 geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi, kolaklefi, v.s. og 4 gangar. Korkparket er á borðstofugólfum. Stigar eru úr steinsteypu, með gúmmi á framstigum. Gúmmi er einnig á anddyrum neðstu hæðar. Húsið er múrhraunað utan.</p>	
Stærð: L. 16.4 m. meðalbr. 11.2 m. h. 9.0 m. ris 3. 0 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á.....	280.430.-
<p>b. Bifreiðaskúr er við húsið, allur byggður úr steinsteypu, bæði útveggir, gólf og þak. Hann er þiljaður innan með insolitplötum og málaður.</p>	
Stærð: L. 6.4 m. br. 5.6 m. h. 2.6 m. skáþak.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	5.850.-
Samtals	286.280.-

Gata og númer:

T ú n g a t a 5.

Möt framkvæmd: (21/2/1942.) 30/11 1954	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í neðstu hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, búr, baðherbergi, gangur og anddyri. Innan á útveggjum er kasmaspappi. Skilveggir eru allir úr steinsteypu, sem og gólf og loft. Allt kalksléttað, veggir með álímdu veggfóðri, en loft, glugga- og dyraumbúningur málað. Í 2. hæð er sama herbergjaskipun og frágangur eins og í neðstu hæðinni, að öðru leyti en því að þar er borðagrind innan á útveggjum, með pappa í og panelþiljum þar innan á, lagt striga, pappir og veggfóðri. Í 3. hæðinni er einnig samskonar herbergjaskipun og frágangur allur eins og er í 2. hæð, nema hvað nokkrir skilveggir eru hér úr bindingi, með tvöföldum þiljum, strigapappir og veggfóðri. Þar er steinsteypuloft eins og er í hinum hæðunum. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar eru 2 herbergi til brjóstsykursgerðar, 4 geymsluherbergi, þvottaherbergi, v.s. og gangur. Þar er steinsteypugólf og skilveggir úr sama. Allt kalksléttað og hvíttáð. Linoleumdúkar eru á öllum hæðum hússins og stigatröppum. Í öllum eldhúsum eru leirflísar á gólfum og postulínsflísar á veggjum þeirra umhverfis rafmagns- og gasvélar. Sömmuleiðis baðherbergi, allir gangar og anddyri.</p>	
Stærð: L. 15.6 m. br. 10.7 m. h. 10.0 m. skáþak, kjh. 2.1 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	167.340.-
<p>b. Prentsmiðjuhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Þar er 1 geymsluherbergi og þvottaherbergi með steinsteypugólfi og skilvegg úr sama.</p>	
Stærð: L. 9.4 m. br. 5.0 m. h. 3.0 m. skáþak.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	8.250.-
<p>c. Þurrkhús, byggt eins og lítra b, með trérimlagluggum.</p>	
Stærð: L. 7.3 m. br. 5.0 m. h. 3.0 m. skáþak.	
Húsið er virt á.....	3.885.-
Samtals	179.475.-
=====	
<p>Stafiðurinn C hefir verið stækkaður frá síðasta mati 21. febr. 1942. Stækkunin er úr steinsteypu, einangruð með vikri, múrhúðuð utan og innan og með þaki úr bárujárni. Þar eru nú 4 herbergi: 2 skrifstofur, læknastofa og tilraunaherbergi, ennfir mur forstofa og v. s. með handlaug, allt málað og dúklagt. Þurrkhúsið fellur inn í þetta.</p> <p>Læknastofa: L. 13.0 m. Br. 5.0 m. H. 2.5 m. skáþ. = 162.5 m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á</p>	<p>kr. 81.300.00</p> <p>Kr. 81.300.00</p>

Gata og númer:

Framh.

Möt framkvæmd: 10/12 1956.

Metið kr

Húsið er að öllu leyti óbreytt frá síðasta mati 21/2 1942, en óskað eftir endurmati vegna verðhækkunar

Stærð hússins:

A:L. 15.6 m. Br. 10.7 m. H. 10.0 m. Ris skápak Kj. 2.1 m. = 2.019.73 m ³	Metið á kr.	1.595.600.-
B:L. 9.4 m. Br. 5.0 m. H. 3.0 m. Ris skápak = 141.00 m ³	" " "	67.700.-
C:L. 13.0 m. Br. 5.0 m. H. 2.5 m. Ris skápak = 162.50 m ³	" " "	1.113.800.-
Alls kr.		1.777.100.-

Virt 12/9 1974.

Endurmetið:

1. hæð: 5 skrifstofuherbergi, V.C., kaffistofa, geymslur og gangur.
2. hæð: 8 skrifstofuherbergi, kaffistofa, tvö V.C., geymsla og gangur.

Stærðir eru óbreyttar frá síðasta mati.

Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á kr. 18.180.000

Virt: 21/9 1976.

Frá síðasta mati hafa verið gerðar breytingar á húsinu.

Kjallari: Hann hefur verið endurbyggður algjörlega. Steypt nýtt gólf, lofthæð aukin, einangrað að nýju. Allt málað að nýju. Gluggar verulega endurbættur og sett í þá tvöfalt gler.

Húsið er óbreytt að stærðum frá síðasta mati.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr. 44.440.000.-

Möt framkvæmd: (1/9/1943.) (15/5/1953.) 10/10/1953.		Metið kr.	
<p>a. Ibúðarhús m/skrifstofum, einlyft, með portí, 2 kvistum, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og jární á veggjum og með baki úr borðasúð, pappa, listum og steinhellu. Í binding er múrað að mestu leyti með múrsteini, en lítið eitt með holtahellu. Í aðalhæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur. Öll loft eru reyrlögð og múrsléttuð, sömuleiðis veggir í eldhúsinu og ganginum, en herbergin eru vírlögð, múrhuðuð og máluð. Í rishæðinni eru 3 herbergi, 4 geymslukompur og framloft. Herbergin hér eru eins útbúin og niðri, en geymslukompurnar eru þiljaðar. Í herbergjunum eru álfmáir linoleumdúkar. Undir húsinu er kjallari með timburgólfi.</p> <p>Stærð: L. 15.1 m. br. 9.4 m. h. 2.3 m. ris 3.8 m.</p> <p>Kj.st: L. 3.1 m. br. 5.0 m. h. 1.9 m.</p> <p>Inngönguskúr er við vesturhlíð hússins, byggður eins og það, járnklæddur og með risi.</p> <p>Stærð: L. 2.1 m. br. 2.2 m. h. 2.5 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>			156.850.-
<p>b. Vörugeymsluskúr er byggður upp við húsið, úr steinsteypu 3 hlíðarnar. Þak er úr borðasúð, pappa, listum og jární. Steinsteypugólf er í húsinu og í því eru þakluggar.</p> <p>Stærð: L. 13.9 m. br. 6.8 m. h. 3.2 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>			32.200.-
		Samtals	189.050.-
<u>Virt 15/5/1953.</u>			
<p>Húsið er óbreytt að öllu leyti frá síðasta mati 1. september 1943 en því, að engin íbúð er lengur í því, heldur er það allt notað undir skrifstofur og vörugeymslur og er innréttingin óbreytt.</p>			
A. Skrifsth. m/m.:	L 15.1 br. 9.4 h. 2.3 ris 3.8	= 596.15 m ³	
" Kjallari	: L 3.1 br. 5.0 h. 1.9	= 29.45 m ³	
" Inngskúr	: L 2.1 br. 2.2 h. 2.5 skápak	= 11.55 m ³	
" Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....			382.300.00
B. Geymsla	: L 13.9 br. 6.8 h. 3.2 skápak	= 302.40 m ³	
" Geymslan, ásamt tilheyrandi, er virt á.....			75.600.00
		Samtals krónur	457.900.00

Gata og númer:

Möt framkvæmd: frh.	Metið kr.
<u>Virt 10/10/1953.</u>	
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 15. maí 1953, en óskast mælt upp, aðalhúsið.	
A. Skrifstofuhús m/m:L 14.7 br. 8.3 h. 3.5 ris 3.7 = 658.85 m ³	
" Kjallari :L 3.1 br. 5.0 h. 1.9 = 29.45 m ³	
	688.30 m ³
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	413.000.00
B. Geymsla: Í 13.9 br. 6.8 h. 3.2 skápak = 302.46 m ³	
Geymslan, ásamt tilheyrandi, er virt 15/5. 1953.....	75.600.00
	<u>Samtals krónur 488.600.00</u> ✓

Möt framkvæmd: 20/4/1948

Metið kr.

Ibúðarhús, 2 hæðir, ris m/4 gluggakvistum, 4 útskotum og kjallara, byggt úr steinsteypu og öllum skilrúm steipt, nema í risi, húðað utan silfurbergi, klætt innan korki og með þaki úr timbri, tvöföldum pappa og steinskífu. Á neðri hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri og stiga- hús, fatakrókur, v.s., 4 fastir skápar og bakgangur, allt múrhuðað og vegg- fóðrað, en bakgangur málaður, stigagangur klæddur gljádum birkiplötum og stiginn úr eik, parkett á öllum gólfum. Á efri hæð eru 4 herbergi, þar af 3 notuð fyrirskrifstofur, baðherbergi m/keri og v.s., stiga- hús, gangur, altan- herbergi og stigapallur, ýmist vegg-fóðrað eða málað, korkparkett á stiga- palli, annars dúklagt. Á þakhæð eru 5 herbergi og stiga- hús, innri forstofa og v.s., allar hurðir úr harðviði, allt veggfóðrað eða málað og dúklagt. Í kjallara eru 6 herbergi, þvottahús, steypibaðherbergi m/v.s., 2 anddyri, 2 fastir skápar, geymsla undir útitröppum, allt múrhuðað og ýmist veggfóðrað eða málað. Allar útihurðir eru úr masonite. Áfast húsinu er bílaport með² bíl- skúrum úr steinsteypu, klæddur innan korki á veggjum, vikurplötum innan á þaki. Húðaðir utan eins og húsið.

Starð hússins : A L 12.9 m., br. 9.8 m., h. 6.3 m., ris 4.2 m., kj. 2.8 m.
 " útskots : " L 4.7 m., br. 1.5 m., h. 6.3 m., ris 2.2 m., kj. 2.8 m.
 " do : " L 4.7 m., br. 1.3 m., h. 6.3 m., ris 2.2 m., kj. 2.8 m.
 " do : " L 3.3 m., br. 1.7 m., h. 4.7 m., ris 1.5 m., kj. 2.8 m.
 " do : " L 4.4 m., R = 2.2 m., h. 4.0 m., flatt , kj. 2.8 m.

Húsið, ásamt öllum útskotum og tilheyrandi, er virt á..... 501.600.-

B. Bifreiðaskúr: L 13.8 m., br. 3.7 m., h. 3.1 m.

" Sorpg. : L 2.7 m., br. 2.9 m., h. 3.1 m., og l. 3.2 m. br. 1.0 m.
 h. 3.1 m.

Allt virt á..... 30.700.-

Samtals..... 532.300.-

Möt framkvæmd: (26/4/1945.) (14/4/1950.) 16/5/1951.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, einlyft, með risi, kvisti og kjallara, úr steinsteypu, sementssléttað utan og asfaltborið innan á vegg. Það er með járnþaki á plægðri 1"borðasúð, með pappa á milli. Í bitalögum er milligólf. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr og 2 gangar. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað innan. Í rishæðinni eru 4 íbúðarherbergi, framloft, 6 skápar, v.s. og baðherbergi. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðalhæðinni. Á skambitum er gólf. Kjallari með steinsteypugólfi og skilveggjum er undir öllu húsinu. Þar eru 2 geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi, þvottahús og gangur.</p> <p>Stærð: L. 12.2 m. br. 8.5 m. h. 2.8 m. ris 4.0 m. kjh. 1.9 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurhlíð hússins, með kjallara og þaksvölum, byggður eins og húsið sjálft.</p> <p>Stærð: L. 2.4 m. br. 1.6 m. h. 2.8 m. þaksvallir, kjh. 1.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>145.700.-</p> <hr/>
<p><u>Virt 14/4/1950.</u></p> <p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 26. apríl 1945 að öðru en viðhaldi.</p> <p>Ibúðarhús : L 12.2 m. br. 8.5 m. h. 2.8 m. ris 4.0 m. kj. 1.9 m.</p> <p>Inngönguskúr: L 2.4 m. br. 1.6 m. h. 2.8 m. þaksvallir kj. 1.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>270.900.- //</p> <hr/>
<p><u>Virt 16/5/1951.</u></p> <p>Húsið hefir að eins tekið smávægilegum breytingum frá síðasta mati 14. apríl 1950. Á hæðinni hefir búri verið breytt í snyrtiherbergi m/v.s. Á þakhæð hefir baðherbergi verið breytt í eldhús og í kjallara hefir verið útbúið baðherbergi m/keri og handlaug.</p> <p>Ibúðarhús : L 12.2 m. br. 8.5 m. h. 2.8 m. ris 4.0 m. kj. 1.9 m.</p> <p>Inngönguskúr: L 2.4 m. br. 1.6 m. h. 2.8 m. skápak. kj. 1.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>342.200.00</p> <hr/>
<p><u>Virt: 14. Júní 1980.</u></p> <p>Samræmismat.</p> <p>Stærð hússins er óbreytt frá síðasta mati eða 713 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr.</p>	<p>64.170.000.-</p> <hr/>

Gata og númer: Túngata 14. "Hallveigarstaðir".

Möt framkvæmd: 22/2/67

Metið kr.

Nýtt skrifstofu, hárgreiðslu húsnæði o. fl. Húsið, sem eru 3 hæðir og kjallari, er byggt úr steinsteypu. Einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er steipt. Hitaveita.

1. hæð: Þar eru skrifstofur, salir, kaffistofa, V.S., gangur. Létt skilrúm, harðviðar-klædd. Plastflísar á gólfum. Hljóðeinangrun í loftum. Allt málað. Loftræstingarkerfi.

2. hæð: Sami frágangur og á 1. hæð, nema þar er ekki loftræstikerfi.

3. hæð: Þar eru skrifstofur, eins og á neðri hæðunum, en skilrúm máluð í stað viðar-klæðningar. Auk þess er þar eldhús.

Kjallari: Þar er bækistöð fyrir kvenskáta, funda- og föndurherbergi. Allt málað og dúklagt. Auk þess eru geymslur, hárgreiðslustofa og 2 fundarsalir. Salerni.

Stærð hússins:

I	L 15,6m., Br. 20,6m., H. 3,7m.	}	= 2580 m ³
	L 23,5m., Br. 16,0m., H. 3,7m.		
II	L 15,6m., Br. 15,6m., H. 3,2m.		= 779 m ³
Þak	L 12,2m., Br. 12,2m., H. 3,2m.		= 476 m ³
Kj.	L 23,5m., Br. 16,0m., Kj. 3,00m.	}	= 2080 m ³
	L 15,6m., Br. 15,6m., Kj. 3,00m.		
			<hr/> 5915 m ³

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr. 25.375.000.00

Gata og númer:

T ú n g a t a 16.

Mót framkvæmd: (21/1/1942.)26/11/1946.

Metið kr.

Ibúðarhús, tvilyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með járn-
baki á listum, pappa og borðasúð. I neðri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi,
eldhús, búr, v.s. og 2 gangar. Innan á útveggjum er 2" grind með víking-pappa
í og þiljum þar innan á. Skilveggur er úr steinsteypu, eftir endilöngu
húsínu, frá kjallaragólfi að baklyfti, múrsléttður beggja megin og með
álímdum veggjapappír. Aðrir skilveggir eru úr bindingi, með tvöföldum þilj-
um. Neðan á loftbitum eru panelþiljur. Allar þiljur eru lagðar striga og
pappír, veggir fódraðir, en loft, dyra- og gluggaumbúnaður málað. I efri
hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins og í neðri hæðinni.
I baklyfti eru 4 íbúðarherbergi, öll með samskonar frágangi eins og er í
aðalhæðum hússins. Auk þess er á baklyftinu þurrkloft, geymsluklefi og gang-
ur, hann er þiljaður og málaður. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu
húsínu. Þar eru 3 íbúðarherbergi og eldhús, með timburgólfi yfir steinsteypu-
gólfinu. Að öðru leyti er þar samskonar frágangur eins og á íbúðum aðal-
hæðanna. Auk þess er í kjallaranum baðherbergi, flísalagt og málað, þvottahús,
v.s., 2 geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi og gangur.

Stærð: L. 12.6 m. br. 9.4 m. h. 6.5 m. ris 3.6 m. kjh. 2.5 m.

Inngönguskúr er við norðurhlíð hússins, byggður eins og húsið sjálft.

Stærð: L. 4.0 m. br. 2.0 m. h. 9.1 m. skápak, kjh. 2.5 m.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á..... 128.840.-

Húsið, er óbreytt frá síðasta mati 26/11/1946.

Stærð: L. 12.6 m. br. 9.4 m. h. 6.5 m. ris 3.6 m. kjh. 2.5 m.

" inngönguskúrs: L. 4.0 m. br. 2.0 m. skápak, kjh. 2.5 m.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á..... 397.300.-

Virt: 27/4 1981.

Frá síðasta mati hefur verið byggð geymsla við húsið.

Geymslan er byggð 1947. Hún er að falli komin.

Stærð geymslunar: 31 m³

Geymslan ásamt tilheyrandi, er virt á..... kr 6.200.-

Gata og númer:

T ú n g a t a 20.

Möt framkvæmd: 1/5/1942.	Metið kr.
<p>a. Ibúðarhús, með 2 útskotum, 5 gluggakvistum, risi og kjallara, úr steinsteypu, sementssléttað utan og með járnþaki á 5/4" borðasúð, með pappa og listum á milli. Innan á útveggjum eru korkplötur og tjörupappi á milli. Öll gólf og stigar eru úr steinsteypu. I neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, búr, anddyri og eldhús. Allir skilveggir hússins eru úr steinsteypu og allt ymist veggfóðrað eða málað. I efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s. og anddyri. Allt með samskonar frágangi eins og er í neðri hæðinni. I rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi, biljuð, strigalögð, veggfóðruð og máluð, 2 geymsluklefar, burrkloft, afbiljað og framloft. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 4 geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi og hvottahús.</p> <p>Stærð: L. 10.7 m. br. 10.4 m. h. 6.6 m. ris 3.3 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Inngönguskúr er við vesturgöfl hússins, með baksvölum, byggður eins og húsið sjálft.</p> <p>Stærð: L. 4.7 m. br. 1.9 m. h. 3.4 m. baksvölir, kjh. 2.2 m.</p> <p>Viðbygging er við norðurhlíð hússins, með baksvölum og kjallara, byggt eins og bað.</p> <p>Stærð: L. 4.2 m. br. 2.5 m. h. 3.4 m. baksvölir, kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr, viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>130.270.-</p>
<p>b. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Timburgólf er í skúrnum.</p> <p>Stærð: L. 6.0 m. br. 3.8 m. h. 2.7 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	<p>3.100.-</p>
<p style="text-align: right;">Samtals</p>	<p>133.370.-</p>

Gata og númer:

T ú n g a t a, L a n d a k o t.

Möt framkvæmd: 21/8/1929.	Metið kr.
<p>Kirkja úr steinsteypu, með haki úr borðasúð'á sperrum og langböndum og bakhella þar ofan á.</p>	
<p>a. Aðalkirkjan er krossbyggð, með 8 gluggum og bust yfir hverjum glugga. I risi hennar eru bogamyndaðar hvelfingar, sem hvíla á 6 járnbentum steinsteypusúlum. Hvelfingin er úr járnrind, sem vír er strengdur á og borinn á sementsblanda. Allir veggir kirkjunnar, súlur og hvelfingar er vandlega sementssléttað. Golf er úr steinsteypu og mosaik-plötur þar yfir. I þessum hluta byggingarinnar eru 50 kirkjustólar og 2 altari úr timbri. Kirkjan er ómáluð innan.</p> <p>Stærð: Meðall. 21.2 m. br. 13.5 m. meðalh. 9.5 m. ris 7.0 m.</p>	
Aðalkirkjan, ásamt tilheyrandi virt á	236.260.-
<p>b. Kirkjuturn er allur byggður úr járnbentri s-teinsteypu. I honum er steinsteypugólf og 4 golf, hið efsta, sem um leið er bak turnsins er tvöfalt. I neðstu hæð hans er anddyri aðalkirkjunnar, geymsluherbergi og stigagangur. I næstu hæð þar fyrir ofan er orgel kirkjunnar ætlaður staður og þar eru sæti fyrir söngflokkinn. Allur frágangur er eins á turninum eins og er í aðalkirkjunni.</p> <p>Stærð: L. 7.2 m. br. 7.2 m. h. 28.0 m. kjh. 4.0 m.</p>	
Turnin, ásamt 3 kirkjuklukkum og tilheyrandi, er virtur á.....	102.040.-
<p>c. Kórinn er byggður úr samskonar efni og með sama frágangi eins og er í aðalkirkjunni. Útveggir hans eru bogadregnir af 7 plötum, sem hver hefur sinn glugga með bust yfir. Menir kórsins myndast af hvelfingum, sem hvíla á 4 gildum og háum steinsteypusúlum og 6 minni. Steinsteyputröppur eru úr aðalkirkjunni og upp í kórinn og upp að altarinu, allar lagðar marmara. Mosaik-plötur eru á gólfi kórsins. Altarið er úr steinsteypu, allt lagt marmara og með 2 marmarasúlum undir að framan. Kjallari er undir kórnum með yfirbyggingu sín hvoru megin við hann, svo gengið er í hann utan að frá báðum hliðum kórsins. I kjallaranum er skrudhús, geymsla, miðstöðvarherbergi, kolaklefi, 2 gangar o.fl. I kirkjubyggingunni eru samtals 23 stórir gluggar úr járn með smárúðum í, úr mislitu hálf-gagnsæu gleri. Öll er kirkjan ýmist múrsléttuð utan eða múrhraunuð. Silfurbergsmolar eru greptir hér og þar í yztu sementshúð veggjanna að utan.</p> <p>Stærð: Meðall. 10.0 m. meðalbr. 14.0 m. h. 9.0 m. ris 7.0 m. kjh. 2.4 m.</p>	
Kórinn, ásamt biskupsstól og tilheyrandi, er virtur á.....	117.680.-
Samtals	455.980.-

Möt framkvæmd: a-i 26/5/1924, j-k 21/21930, l-m 21/8/1938. 14/11/1964.	Metið kr.
Flutt	240.457 - 243.559 .-
<p>5 gangar og anddyri. Í 4. hæð eru 8 íbúðarherbergi, baðherbergi, v.s., 6 skápar eða geymsluklefar, 3 gangar og anddyri, allt fullgert, en suðurhlíð hússins er ennþá ófullgerð að sundurhólfun og frágangi. Kapella 3. hæðarinnar nær alla leið upp að lofti þakhæðarinnar. Þar eru veggsvaflir fyrir söngflokk. Rishæðin er enn ósundurhólfuð. Steinsteypustigi er upp á þakhæðina.</p> <p>Í kjallaranum eru borðsalur, setustofa, 2 svefnherbergi, baðherbergi, 2 v.s., saumastofa, língeymsla, blóstofa, ljósabaðstofa, eldhús, smurningsherbergi, uppvottaherbergi, býtibúr, mathreinsunarklefi, kolaklefi, 2 keliklefar, þvottahús, rullustofa, straustofa, klæðaherbergi, þerristofa, 11 fastir skápar, 7 herbergi, stærri og smærri, lyftuklefi, 11 gangar og anddyri.</p> <p>Í undirkjallara er miðstöðvarherbergi, kolaherbergi, lyftuklefi, 3 geymsluklefar og 2 gangar. Aðalkjallarinn hefur mikið stærri gólfplöt en sjálfst húsið. Stigar eru allir úr steinsteypu. Húsið er múrhúðað utan. Járnhurðir eru fyrir öllum þeim dyrum, sem eru á milli nýja spítalans og hins eldra er byggður er úr tré.</p>	
Stærð aðalhússins: L. 43.7 m. br. 14.0 m. h. 14.0 m. ris 3.0 m. kjh. 3.0 m.	
" útbygg. v/vesturgafi: L. 14.4 m. br. 1.7 m. h. 7.0 m. skáþak, kjh. 3.0 m.	
" do. " norðurhlíð: L. 11.3 m. br. 2.5 m. h. 14.0 m. ris 2.0 m. kjh. 3.0 m.	
" þakkjallara: Meðall. 27.7 m. br. 10.5 m. h. 3.2 m.	
" undirkjallara: Meðall. 13.0 m. meðalbr. 8.4 m. h. 3.7 m.	
Húsið allt, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	671.460.-
m. Viðbygging við gamla spítalann, úr timbri og járnnvarin.	
Stærð: L. 7.0 m. br. 5.0 m. h. 13.0 m. skáþak.	
Viðbyggingin er virt á.....	14.560.-
Samtals	926.477.-
<u>Virt 14/11/1964.</u>	
<p>Frá síðasta mati 21/8/1938, hefur eldri hluti spítalans tekið þeim breytingum, að þaki hefur verið lyft, (það er settir á það 17 kvistir) og er þar timburþak með skífu og alúmíníum. Þar eru 18 íbúðarherbergi fyrir systumar, 2 snyrtiherbergi m/kerlaug og tilheyrandi, 3 geymslur, gangur, 1 svalir. Í gluggum er tvöfalt gler og hurðir eru málaðar. Milliveggir eru úr trégrind klæddir gibsonite. Allt málað og dúklagt.</p>	
Stærð hússins:	
B: útb. L. 43.7 m., br. 14.0 m., h. 14.0 m., ris 3.0 m., kj. 3.0 m	
L. 14.4 m., br. 1.7 m., h. 7.0 m., ris skáþ. kj. 3.0 m.	
do L. 11.3 m., br. 2.5 m., h. 14.0 m., ris 2.0 m., kj. 3.0 m.	
Snú	

Gata og númer:

Túngata Landakotsspítali

Möt framkvæmd: 14/11/1964.

Metið kr.

bakkj. L. 27.7 m., br. 10.5 m., h. 3.2 m.

undirkj. L. 13.0 m., br. 8.4 m., h. 3.7 m

= 13.406.36 m³.Húsið, ásmat tilheyrandi, er virt á kr. 33.516.000.-

Gata og númer:

T ú n g a t a, L a n d a k o t.

Möt framkvæmd:	Metið kr.
a-1 26/5/1924, j-k 21/2/1930, l-m 21/8/1938.	
a. Sjúkarhús tvílyft, með risi og kjallara úr bindingi, klætt utan með tvöfaldrí borðaklæðningu, plægðri, pappa, listum og járnri þar yfir, bæði á veggjum og þaki. Borð eru greipt í bindinginn í öllum útveggjum. Í neðri hæðinni eru 7 herbergi, auk gangs eftir endilöngu húsinu. Allt þiljað, strigelagt og ýmist veggfóðrað eða málað. Loft öll eru þreföld. Í efri hæðinni eru 11 herbergi og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í neðri hæðinni. Í rishæðinni eru 6 herbergi og gangur. Öll eru herbergin þiljuð innan með panel og sum þeirra strigelögð og veggfóðruð, allt málað. Kjallari með steinsteypugólfri er undir öllu húsinu. Í honum eru 3 herbergi, eldhús, búr og gangur að endilöngu. Allt þetta er með samkonar frágangi eins og er í aðal-hæðunum. Ennfremur eru þar 3 geymsluherbergi.	
Stærð: L. 37.7 m. br. 9.4 m. h. 8.0 m. ris 4.7 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	175.184.-
b. Viðbygging er við norðurhlíð litra a, byggð úr samskonar efni og með sama frágangi eins og aðalhúsið. Í neðri hæðinni eru 3 herbergi, 2 stigagangar, baðherbergi og v.s. Í efri hæðinni eru 4 herbergi og gangur. Kjallari er undir viðbyggingunni. Í honum eru 4 herbergi og gangur og baðherbergi.	
Stærð: L. 13.8 m. br. 3.8 m. h. 8.8 m. skáþak, kjh. 2.5 m.	
Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	21.333.-
c. Anddyri er við norðurhlíð litra b, byggt eins og húsið sjálft, bæði að ytri og innri frágangi.	
Stærð: L. 2.5 m. br. 2.2 m. h. 3.0 m. toppþak.	
Anddyrið er virt á.....	340.-
d. Þvottahús og líkhús er við austurgöfl aðalhússins, byggt úr grásteini með járnþaki á listum, pappa og borðasúð, hólfað í sundur í tvennt með steinvegg. Í húsinu er steinsteypugólf. Húsið er múrhúðað utan og innan.	
Stærð: L. 6.3 m. br. 9.4 m. h. 2.5 m. ris 1.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	7.950.-
e. Geymsluhús er byggt úr binding, klætt utan með borðum, pappa listum og járnri á veggjum og þaki. Í því eru 3 geymsluherbergi.	
Stærð: L. 7.5 m. br. 3.8 m. h. 3.0 m. skáþak.	
Húsið er virt á.....	2.565.-
f. Geymsluhús, (vagnhús), úr bindingi, klætt utan járnri á lang-böndum, bæði veggir og þak. Allt þiljað innan á binding.	
Stærð: L. 4.0 m. br. 2.9 m. h. 2.0 m. ris 0.3 m.	
Húsið, er virt á.....	344.-

Gata og númer:

Möt framkvæmd:	Metið kr.
Flutt	207.716.-
g. Brunnhús, úr steyptum steini á 3 vegu, en framhlíð þess er úr bindingi, sem eins og þakið er þiljað utan, þappalagt og járnvarið. Stærð: L. 4.8 m. br. 4.8 m. h. 2.6 m. skáþak.	
Húsið er virt á.....	802.-
h. Viðbygging, glersalur er við suðurhlíð hússins, vestari, úr bindingi, klædd utan með borðum, þappa, listum og jární á veggjum og þaki. Veggirnir eru aðallega úr rúðugleri. Þar er sjúkraherbergi, þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Viðbyggingin stendur á 3 steinsteypustöplum. Stærð: L. 4.7 m. br. 3.5 m. h. 3.7 m. skáþak.	
Viðbyggingin er virt á.....	2.317.-
i. Viðbygging, samskonar er við suðurhlíð hússins, eysrti, byggð eins og litra h.	
Stærð: L. 4.7 m. br. 3.5 m. h. 3.7 m. skáþak.	2.317.-
j. Lyftuklefi, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, sementssléttaður utan og innan. Stærð: L. 2.7 m. br. 3.8 m. h. 14.4 m. ris 1.0 m. " anddyris: L. 2.7 m. br. 3.4 m. h. 3.6 m. ris 1.0 m.	
Lyftuklefinn, ásamt anddyri og tilheyrandi, er virtur á.....	19.505.-
k. Geymsluskúr er byggður úr steinsteypu á 3 vegu, upp við litra c, með járnþaki á þappa og borðasúð. Þar eru 4 geymsluherbergi, þiljuð innan og með steinsteypugólfum.	
Stærð: L. 15.8 m. br. 3.8 m. h. 3.0 m. skáþak.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	7.800.-
l. Sjúkrahús fjórlyft með risi og kjallara, byggt úr steinsteypu, járnþakri, bæði út- og innveggir og loft. Kjallaragólf er úr sterkri venjulegri steinsteypu. Þak er úr borðasúð, þappa, listum og steinskífu. Innan á útveggjum eru vikurplötur og allt er húsið múrsléttað innan og olíumálað. Í neðstu hæðinni eru 13 sjúkra og læknastofur, varðstofa, biðherbergi, viðtalsherbergi, sjúkraherbergi, 3 gaseldhús, 20 fastir skápar, sóttthreinsunnarklefi, steypiþaðklefi, 4 v.s., lyftuklefi, 2 skoklefar, býtibúr, 3 smáherbergi, 10 gangar og anddyri. Í 2. hæð eru 8 sjúkrastofur, 3 íbúðarherbergi, 6 röntgenstofur, samkomusalur, baðherbergi, sjúkrabaðstofa, 3 skoklefar, biðstofa, 2 gaseldhús, býtibúr, 4 v.s., 6 gangar og anddyri. Í 3. hæð eru 16 sjúkra og íbúðarherbergi, kapella, 2 baðherbergi, býtibúr, 2 v.s., 3 fastir skápar, 2 herbergi,	
Flyt	240.457.- 243.557.-

Gata og númer:

Túngata, Landakotsspítali

Möt framkvæmd: 14/11/1964 31/3/1976	Metið kr.																								
<p>Sjúkrahús, ný viðbygging og hækkun vax á eldra húsi. 5 + 3 hæðir turn og kjallari að 1 og 1/2 hluta. Byggt úr steinsteypu, einangrað með vikri og korki, slétt-hæð húðað að utan og málað og marmari. Upphitun er hitaveita og olfukynding til vara. Þakið er alumíníum.</p> <p>1. hæð: Þar eru 10 sjúkrastofur, 3 herbergi fyrir lækna og hjúkrunarkonur, 3 skol, 1 matarbúr, 1 herbergi fyrir lfn, 6 snyrtiherbergi m/tilheyrandi og 2 kerlaugar, gangur, 2 stigahús, 2 svalir. Allt málað og dúklagt, st tvöfalt gler Cardagler í hluta, harðviður í hurðum, Öll snyrtiherbergi eru slfsalögð í hólf og gólf.</p> <p>2. hæð: Eins og 1. hæð</p> <p>3. hæð: Eins og 1. hæð</p> <p>4. hæð: Þar eru 2 skurðstofur, 1 sóttþreinsunarherbergi, 1 skrifstofa, 1 skiftistofa 1 kaffistofa, 3 snyrtiherbergi, 4 handlaugar á skurðstofu, 1 svæfingarherbergi og 1 hvíldarherbergi 1 hjúkrunarkvænnaherbergi, 1 skol og 1 herbergi f. umb., 1 herb. f. lfn, gangur og stigahús. Frágangur sami og á 1. hæð, nema skurðst. eru slfsalagðar þessum og gólf allra hæða nema 1. hæðar hljóðeinangruð.</p> <p>5. hæð: Það er inndregin hæð og eru þar 12 sjúkrastofur 2 herbergi f. hjúkrunarkonur 1 skol, 1 bíti búr, 4 snyrtiherbergi stigahús og gangur, sami frágangur og á 1. hæð.</p> <p>6. hæð: Það er turn, þar er 1 borðsalur, 1 eldhús, 1 snyrtiherbergi, stigahús, 1 svalir Sami frágangur og á 1. hæð.</p> <p>7. hæð: Turn Þar er 1 fundarsalur, 1 snyrtiherbergi, stigahús, sami frágangur og á 1. hæð.</p> <p>Þakhæð: Turn, þar er 1 salur, svalir, allt í kring í gluggum er tvöfalt gler.</p> <p>Kjallari efri: Þar er 1 kapella, 3 læknaherbergi, 1 skol, 1 biðstofa, 1 prestsherbergi 1 herbergi f. kistul., 1 líkgeymsla, 1 herbergi f. krufningu 1 laboratoríum 7 snyrtiherbergi 2 geymslur anddyri, og stigahús og 1 gangur.</p> <p>Neðri kj. Þar eru geymslur, 1 verkstæði og leiðslugangur.</p> <p>Stærð hússins:</p> <table data-bbox="307 1298 1434 1532"> <tr> <td>A:1-4</td> <td>L. 44.7 m., br. 15.34 m., h. 13.8 m., ris</td> <td>kj. 3.0 m</td> <td>= 11.525.00 m³</td> </tr> <tr> <td>5</td> <td>L. 37.0 m., br. 11.60 m., h. 3.0 m., ris 2.0 m.,</td> <td></td> <td>= 1.717.00 m³</td> </tr> <tr> <td>5-6-7</td> <td>L. 7.7 m., br. 17.20 m., h. 9.0 m.,</td> <td></td> <td>+ 1.192.00 m³</td> </tr> <tr> <td>Aukakj.</td> <td>L. 48.4 m., br. 7.90 m., h. 2.4 m.</td> <td></td> <td>= 918.00 m³</td> </tr> <tr> <td>Turn</td> <td>L. 6.9 m., br. 2.50 m., h. 3.8 m.</td> <td></td> <td>+ 66.00 m³</td> </tr> <tr> <td></td> <td></td> <td></td> <td>= 15.418.00 m³</td> </tr> </table> <p>Lyfta er í nýja hlutanum og fylgir hún með í matinu.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á kr.</p>	A:1-4	L. 44.7 m., br. 15.34 m., h. 13.8 m., ris	kj. 3.0 m	= 11.525.00 m ³	5	L. 37.0 m., br. 11.60 m., h. 3.0 m., ris 2.0 m.,		= 1.717.00 m ³	5-6-7	L. 7.7 m., br. 17.20 m., h. 9.0 m.,		+ 1.192.00 m ³	Aukakj.	L. 48.4 m., br. 7.90 m., h. 2.4 m.		= 918.00 m ³	Turn	L. 6.9 m., br. 2.50 m., h. 3.8 m.		+ 66.00 m ³				= 15.418.00 m ³	<p>38.545.000. -</p>
A:1-4	L. 44.7 m., br. 15.34 m., h. 13.8 m., ris	kj. 3.0 m	= 11.525.00 m ³																						
5	L. 37.0 m., br. 11.60 m., h. 3.0 m., ris 2.0 m.,		= 1.717.00 m ³																						
5-6-7	L. 7.7 m., br. 17.20 m., h. 9.0 m.,		+ 1.192.00 m ³																						
Aukakj.	L. 48.4 m., br. 7.90 m., h. 2.4 m.		= 918.00 m ³																						
Turn	L. 6.9 m., br. 2.50 m., h. 3.8 m.		+ 66.00 m ³																						
			= 15.418.00 m ³																						
<p><u>Virt: 31/3/1976.</u></p> <p>Frá síðasta mati hefur verið byggt anddyri úr steinsteypu, einangrað með plasti múrhuðað með marmara utan þakið er steipt plata og asfalt pappi húsið er ein hæð og hitaveita.</p> <p>1. hæð anddyri, skáli, söluturn, v.s. og skrifstofur, allt málað og dúklagt</p>																									

Gata og númer:

TÚNGATA LANDAKOTSSPÍTALI

Möt framkvæmd: 31/31976 frh.	Metið kr.
Virt:31/3/1976 frh.	
Harðviður í hurðum, tvöfalt gler í gluggum (lherbergi er þarna sem gengur alveg í gegnum allar hæðir.	
kjallari fyrir framan anddyrið er bogalögð bygging þar eru geymslur og frystiklefar, málað og einangrað.	
Stærð anddyris:	
B: herb. L. 4.8 m., Br. 4.30 m., H. 13.7 m. kj. 3.05 m	=346.00 m ³ 7.612.000.-
C: andd. L.19.13m., Br.10.81 m., H. 3.6 m.,	=744.00 m ³ 20.641.000.-
D: geymslL. 5.40m., Br.29.15 m., H. kj. 2.50 m.	=394.00 m ³ 5.910.000.-
Anddyrið x x x x x tilheyrandi x x x x virt x x á	kr. 34.163.000.-
E: Anddyri, snyrting m/tilheyrandi, dagstofa, svefnherbergi og eldhús. Allt málað og dúklegt með tvöföldu gleri. Þetta er dagheimili.	
Stærð:	
E: dagh. L.10.98 m., br. 9.76 m., h. 3.20 m.	= 343.00 m ³ 6.174.000.-
F: rafst. einn geymur, hljóðeinangrað í lofti , pússað innan í hólfi og gólf. handlaug.	
Stærð rafst. L. 6.00 m., br. 4.50 m., h. 3.9 m.	=105.00 m ³ 1.000.000.-
Anddyri, ásamt dagheimili og rafstöð með tilheyrandi, er virt á	41.337.000.-

Gata og númer:

T ú n g a t a .

Möt framkvæmd: a 26/5/1924, b 1/9/1943.	Metið kr.
<p>a. Skólahús, einlyft, með 4 kvistum, úr steinsteypu, en bustir úr timbri og múrað í binding með steypum steini. Milligólf er í öllum bitalögum. Þak er sumpart úr jární og sumpart úr hellu á borðasúð með pappa á milli. Niðri í húsinu eru 2 kennslustofur, 3 gangar, 2 fataklefar, 1 geymsluherbergi 4 v.s. og 2 skápar, allt kalkdregið og málað, en loftin með pappa uppi á milli bita. Á öðru gólfi eru 2 kennslustofur, gangur, 2 fataklefar og 2 geymslur, allt með sama frágangi og niðri. Á skambitum er gólf úr plögðum 5 1/4" borðum. Kjallari er undir nokkrum hluta hússins.</p> <p>Stærð: L. 17.9 m. br. 10.0 m. h. 3.8 m. ris 7.2 m.</p> <p>Kj.st: L. 12.9 m. br. 3.2 m. h. 2.2 m.</p>	
<p>Turnbygging er við austurhlíð, byggð eins og húsið. Þar eru 3 gangar og 1 herbergi, kalkdregið og málað og 1 geymsluherbergi.</p> <p>Stærð: L. 3.8 m. br. 3.1 m. h. 9.4 m.</p>	
<p>Viðbygging er við norðurgafli hússins, byggð eins og það. Þar er gangur m/v.s. og þvottaskálum. Þak er úr jární á plögðri súð.</p> <p>Stærð: L. 7.2 m. br. 2.5 m. h. 2.7 m. skáþak.</p>	
<p>Húsið, ásamt turnbyggingu, viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	60.967.-
<p>b. Viðbygging er við suðurhlíð eldri hluta skólahússins, byggð úr steinsteypu. 3 hlíðar með járnþaki á pappa og borðasúð. Skilveggir og gólf eru úr steinsteypu. Í viðbyggingunni eru 2 skólastofur og gangur. Allt þiljað innan með panel, vírlagt, múrsléttað og olíumálað innan. Viðbyggingin er múrsléttuð og olíumáluð utan.</p> <p>Stærð: L. 12.6 m. br. 8.2 m. h. 3.5 m. skáþak.</p>	
<p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	50.260.-
<p style="text-align: right;">Samtals</p>	111.227.-

Gata og númer:

T ú n g a t a. (Landakot) I.R.

Möt framkvæmd: 1/3/1943.	Metið kr.
<p>Fimleikahús m/m, var áður kirkja, en hefur verið flutt á aðra lóð við sömu götu og byggt undir það steinsteypukjallari og húsið endurbætt á ýmsan hátt. Húsið er einlyft með risi og kjallara, byggt úr bindingi, klætt utan borðum á veggjum og þaki úr borðasúð, pappa, listum og járni. Í aðalhæð hússins er stór fimleikasalur, áhaldaklefi og gangur. Allt þiljað innan með panel. Loft er í 8ðrum enda hússins. Þar eru 2 skrifstofuherbergi, geymsluherbergi, áhorfendapallur og gangur. Allt þiljað og málað. Kjallarinn er með steinsteypugólf og skilveggjum. Þar er fimleikasalur með timburgólf, 2 baðherbergi, 2 fataherbergi, 2 v.s., 4 íbúðarherbergi, miðstöðvarherbergi, anddyri og gangur. Kolaklefi. Allur er kjallarinn þiljaður innan á útveggi og neðan á loftbita og öll eru herbergin ýmisthvíttuð innan eða máluð. Stærð: L. 21.30 m. meðalbr. 8.5 m. h. 5.3 m. ris 3.9 m. kjh. 2.6 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>158.070.^y =====</p>
Virt 15/2/1950.	
<p>Húsið er óbreytt að stærð frá síðasta mati 1. marz 1943, en verið breytt talsvert innanhúss. Loft hefir verið byggt yfir allan fimleikasalinn á hæðinni, en uppi er ónotað pláss. Allur salurinn þiljaður í hólf og gólf með spónlögðu masonit. Áhöld til fimleika, sett upp í salnum, er metist með húsinu. Á þakhæð hefir 2 skrifstofuherbergjum verið breytt í fundarsal með sama frágangi og var. Í kjallara hefir fimleikasalnum verið breytt í 2 skrifstofuherbergi, máluð og dúklögð. Loks hefir stigauppgangur verið fluttur í austurenda hússins. Íþróttahús m/m: L 21.3 m.mbr. 8.5 m. h. 5.3 m. ris 3.9 m. kj. 2.6 m. Húsið, ásamt áhöldum og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>501.900.-/</p>

Gata og númer:

T ú n g a t a, L a n d a k o t.

Möt framkvæmd: 26/5/1924.	Metið kr.
<p>a. Ibúðarhús, tvílyft, úr bindingi. Neðri hæðin er mýruð upp í binding, en þessi er í útveggjabinding efri hæðarinnar, klætt utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og anddyri. Allt þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í efri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, þiljuð og máluð. Allt með samskonar frágangi eins og er í neðri hæðinni. Í rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi og framloft. Allt þiljað og málað.</p>	
Stærð: L. 11.3 m. br. 7.4 m. h. 5.3 m. ris 2.5 m.	
Inngönguskúr er við austurgæfl hússins, byggður eins og það.	
Stærð: L. 5.6 m. br. 4.1 m. h. 3.8 m. skáþak.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	26.672.-
<p>b. Geymsluhús, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og jární á veggjum og með járnþaki á langböndum. Það er hólfað í sundur í þrennt; geymsluherbergi og fjós.</p>	
Stærð: L. 14.5 m. br. 4.7 m. h. 2.5 m. ris 1.3 m.	
Húsið, er virt á.....	4.205.-
<p>c. Geymsluhús, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki.</p>	
Stærð: L. 13.7 m. br. 5.0 m. h. 2.3 m. ris 3.3 m.	
Húsið er virt á.....	5.343.-
Samtals	36.220.-

Möt framkvæmd: 26/4/1945

Metið kr.

Ibúðarhús, einlyft, með útskoti, 2 kvistum, porti, valmarisi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og jární. I húsinu eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir allir eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á öllum útveggjum eru korkplötur. Bæði skilveggir, útveggir og loft er vandlega múrsléttað. Þaksperrur hvíla á 5*5" bitalögum og bindingi, sem ristur er á steinveggjastall í hliðveggjunum. I þessum bindingi er pappalag og þiljur þar innan á með ástrengdum striga, allt múrsléttað innan. I aðalheðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, fataherbergi, fastur skápur, stigasalur, anddyri og 2 gangar. I þaklyfti eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi, v.s., fastur skápur og stigasalur. Á skambitum er timburgólf. Þar uppi er línstrokustofa, þiljuð og máluð og þurrkloft. Öll herbergi þakhæðarinnar eru múrsléttuð á vír og báðar eru hæðirnar ymist veggfóðraðar eða málaðar innan. I kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur, allt með samskonar frágangi eins og er í aðalheðum hússins. Enn fremur eru í kjallaranum geymsluherbergi, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi og 2 gangar, allt múrsléttað og hvíttað. Við norðurhlið hússins eru steinsteyputröppur. Undir þeim er gangur inn í kjallarann og geymsla. Á gólfum stigasals, ganga og baðherbergis er gúmmi. Baðker, vatns og þvottaskálar eru múraðar utan frágólfi og lagðar postulínsflísum. Veggir baðherbergis og eldhúss eru lagðir samskonar flísum eins og venja er til í vönduðum húsum. Yfir útskoti hússins eru þaksvalir með handriði umhverfis. Stigar eru úr timbri og húsið er allt sementssléttað utan.

Stærð: L. 11.0 m. meðalbr. 10.4 m. h. 4.4 m. ris 4.6 m. kjh. 2.6 m.

Inngönguskúr er við vesturgafli hússins, byggður eins og það, hæði að ytri, sem innri frágangi. Í hæð skúrsins er aðalanddyri hússins. Kjallari er undir skúrnum og í honum er anddyri að kjallaraíbúðinni, geymsluhlefi og v.s. Steinsteyputröppur eru við skúrinn.

Stærð: L. 3.1 m. br. 2.5 m. h. 2.6 m. ris 1.0 m. kjh. 2.6 m.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

287.300.-

Gata og númer:

T ú n g a t a 31.

Möt framkvæmd: 1/3/1943.

Metið kr.

Íbúðarhús, tvílyft, með risi og kjallara, úr járnbentri steinsteypu, bæði út- og innveggir, gólf og loft. Þak er úr borðasúð, pappa, listum og bárujárni. Innen á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, víflagt allt múrsléttað og ýmist veggfóðrað eða málað innan. I neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, fataklefi, anddyri og gangur. I efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s., 7 fastir skápar, anddyri og gangur. Veggpallur er á þessari hæð. I kjallaranum eru 1 íbúðarherbergi, miðstöðvarherbergi, þvottahús, kolastía, v.s. og 3 gangar. Steinsteyputröppur eru við húsið, undir beim og dyrpalli er geymsla. Aðalstigi er úr steinsteypu, en aðrir stigar eru úr tré. Gúmmiddúkar eru á stiga- og baðherbergisgólfi, gólfdukar eru límdir á gólfin. (Gólfdukar eru límdir) Húsið er múrhúðað utan.

Stærð: L. 7.0 m. br. 9.0 m. h. 5.5 m. ris 1.6 m. kjh. 2.1 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

76.350.-

Möt framkvæmd: 1/4/1942.

Metið kr.

Ibúðarhús, einlyft, með kvisti, porti, risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og bárujárnri. 2 steinsteypugólf eru í húsinu. Í aðalhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhúsbúr og gangur. Skilveggir eru allir úr steinsteypu. Innan á útveggjum er 2" timburgrind, með 2 pappalögum og listum á milli og innan á. Þá eru þlægðar panelbiljur lagðar striga og vélapappír og öll er hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð innan. Í þaklyfti eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur. Hér eru strigalagðar biljur neðan á skambitum og innan á þaksperrum með millibiljum á milli bitanna og sperranna. Skilveggir eru ýmist úr steinsteypu eða binding, með tvöföldum þiljum, lögðum striga og vélapappír og öll er þessi hæð ýmist veggfóðruð eða máluð. Á skambitum eru gólfborð og þvottaburrkun fer þar fram. Á veggjum eldhúsanna og baðherbergis í skúrnum eru postulínsflísar í ca. 1.5 m. hæð og undir eldavélum eru leirflísar, sem og á gólfi baðherbergis. Kjallari er undir húsinu með steinsteypugólfi og timburgólfi þar yfir í íbúðinni. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðalhæðinni. Ennfremur er í kjallaranum þvotta-herbergi, miðstöðvarherbergi og 3 geymsluherbergi.

Stærð: L. 10.3 m. br. 9.4 m. h. 4.2 m. ris 4.8 m. kjh. 2.5 m.

Inngönguskúr, tvilyftur með risi er við vesturhlið hússins, byggður eins og það að efni og að ytri og innri frágangi. Á neðri hæðinni er baðherbergi m/v.s., anddyri og stigagangur. Í efri hæðinni er v.s. og gangur. Í kjallaranum er gangur og geymsluherbergi. Stigar eru úr timbri. Steinsteyputröppur eru við skúrinn, með gangi og geymslu, undir.

Stærð: L. 3.9 m. br. 2.8 m. h. 5.7 m. ris 2.0 m. kjh. 2.5 m.

Inngönguskúr er vesturgæfl hússins, byggður úr steinsteypu og með steinsteypuþaki, sem myndar þaksvalir, með steinsteypuhandriði umhverfis. Innan á útveggjum skúrsins eru þiljur með ástrengdu vírneti, allur sementssléttaður innan og skrautmálaður. Steinsteyputröppur eru við skúrinn, með geymslu undir. Öll er húseignin sementssléttuð utan.

Stærð: L. 2.3 m. br. 3.6 m. h. 3.5 m. kjh. 2.5 m.

Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á..... 105.150.-

937 800

Gata og númer:

Möt framkvæmd:	Metið kr.
<p>Virt: 27/4 1981.</p> <p>Frá síðasta mati hefur verið byggður bílskúr við húsíð. Skúrin er steinsteyptur. Stærð skúrsins: 106 m³ Skúrin, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....kr.</p>	<p>61.480.-</p>

Gata og númer:

T ú n g a t a 33.

Möt framkvæmd: 2/1/1943.	Metið kr.
